

Mál nr. 206/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Slys í hálfu við atvinnuhúsnæði 12. desember 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið á leið til að sinna verki í húsnæði X á Kirkjusandi þegar hann rann í hálfu og hlaut við það líkamstjón. Nánar tiltekið var M á leið inn um starfsmannainngang og var að ganga á gangstétt með verkfærstöðu þegar hann féll við.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns síns þar sem ekki hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir vegna hálkuvana í umrætt sinn. M hafi upplýsingar um að gangstétt hafi t.d. ekki verið söltuð eða aðrar ráðstafanir gerðar, en nauðsynlegt hafi verið að gera þær í ljósi veðuraðstæðna. M vísar einnig til ríkra skyldna fasteignareigenda vegna umbúnaðar fasteigna þar sem búast má við umferð gangandi vegfarenda, en X hafi höfuðstöðvar bankastarfsemi sinnar þar sem M féll og verði því að gera ráðstafanir við hæfi. Það hafi ekki verið gert, t.d. sé upplýst að húsvörður X hafi verið með salt til að dreifa á stéttir vegna hálfu en hafi ekki gert það í greint sinn. Einnig vísar M til þess að ríkari ástæður hafi verið fyrir X að bregðast sérstaklega við þar sem snjóbræðslukerfi undir gangstéttinni hafi verið bilað.

V telur fyrir hönd X að nægar ráðstafanir hafi verið gerðar vegna hálkuvana við húsnæðið á Kirkjusandi í greint sinn. Ósannað sé að snjóbræðslukerfi við húsnæði X hafi verið í ólagi, en það hafi almennt nýst til hálkuvana auk þess sem gerður hafi verið samningur við verktaka sem dreifi salti yfir bílastæði reglulega og þannig fari salt upp á gangstéttir, sem dugi almennt til að það myndist ekki mikil hálka á svæðinu. V telur ósannað að starfsmönnum X hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir þennan dag, slysið hafi orðið að morgni og ekki sýnt að unnt hafi verið að koma í veg fyrir það.

Álit.

Ágreiningslaust er að slys M varð, þegar hann var að ganga inn í höfuðstöðvar X á leið til vinnu í húsnæðinu. M hélt á verkfærstöðu og rann í hálfu á gangstétt. Slysið varð 12. desember 2014 og hafði snjóað dagana áður og frost var þennan morgun. Ekki telst sannað að snjóbræðslukerfi undir stétt eða bifreiðaplani hjá húsnæði X hafi verið bilað þennan dag og starfsmönnum X hafi því borið að gera sérstakar ráðstafanir vegna þess. Þær almennu ráðstafanir sem gerðar voru af hálfu X vegna hálkuvana skv. upplýsingum frá X teljast ekki óeðlilegar. Af gögnum málsins telst ekki sannað að starfsmenn X hafi vanrækt að gera þær almennu ráðstafanir eða að þeim hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir þennan morgun, þ.e. að salt- eða sandbera gönguleiðir sérstaklega eða annað sem hefði getað komið í veg fyrir fall M. Verður X því ekki talið bera skaðabótaábyrgð vegna slyss M og greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.